

Ráðningarsamningur TFÍ og FTAT: Fylgiskjal 1

Undirritaðir hafa gert með sér svohljóðandi ráðningarsamning:

1. grein – Samingsaðilar:

Vinnuveitandi: Nafn: _____
Kt.: _____
Heimili: _____

Starfsmaður: Nafn: _____
Kt.: _____
Heimili: _____

2. grein – Starfsheiti er: **Tanntæknir.**

3. grein- Ráðning – Starfsviðtal:

Tanntæknir er ráðinn til starfa frá og með: _____
Mat og hugsanleg leiðrétting á launum og öðrum starfskjörum skal fara fram með sérstöku starfsviðtali milli tanntækni og tannlækni. Slíkt viðtal skal fara fram einu sinni á ári og ber tannlækni að hafa frumkvæði að því að boða til viðtals. Ef lengri tími en eitt ár líður á milli starfsviðtala, getur tanntæknir óskað eftir viðtali, og skal það þá veitt innan tveggja mánaða. Niðurstaða starfsviðtals skal skráð og staðfest með undirritun beggja aðila og skoðast það sem hluti ráðningarsamnings. Dagsetningar starfsviðtala skulu skráðar hér að neðan:

Tímabundin ráðning:

4. grein – Starfslýsing.

Tanntæknir starfar samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tanntækna, dags. 28. apríl, 1998, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24, 1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og samkvæmt lögum um tannlækningar nr. 38, 1985. Til þess að tryggja að tanntæknir viðhaldi þekkingu sinni á röntgenmyndatökum, skal tannlæknir sjá til þess að tanntæknir taki röntgenmyndir reglulega.

5. grein – Vinnutími.

Mánudagur	frá kl. _____	til kl. _____
Þriðjudagur	frá kl. _____	til kl. _____
Miðvikudagur	frá kl. _____	til kl. _____
Fimmudagur	frá kl. _____	til kl. _____
Föstudagur	frá kl. _____	til kl. _____

Vinnuhlutfall: _____% Vinnuhlutfall er fundið með því að deila vinnustundum upp í 38.

6. grein – Laun.

Mánaðarlaun eru kr. _____

Önnur laun eru kr. _____

Hlunnindi: _____

7. grein – Lífeyrissjóður – Séreignarsparnaður.

Lífeyrissjóðir verzlunarmanna _____ Annar lífeyrissjóður _____

Séreignarsparnaður: Tanntæknir _____% Tannlæknir _____%

8. grein – Yfirvinna.

Yfirvinnugreiðslur koma því aðeins til greina að yfirvinnan hafi verið innt af hendi skv. fyrirmælum tannlæknis eða með fyrirfram samþykki hans. Öll yfirvinna greiðist með tímakaupi, sem nemur 1.0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Semji aðilar um að yfirvinna sé greidd með frídögum reiknast ein klukkustund sem 1.8 klst.

9. grein – Vinnuhindranir.

Ef tanntæknir getur ekki mætt til vinnu skv. samningi þessum, ber honum tafarlaust að tilkynna tannlækni ástæðu þess. Ef um veikindaforföll er að ræða getur tannlæknir krafist tanntækni um læknisvottorð.

10. grein – Réttarfar.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi án milligöngu sáttanefnda.

11. grein – Annað.

Uppsögn eða brottvikning skal vera skrifleg.

Í ráðningarsamningi þessum má ekkert vera, sem skerðir innihald kjarasamnings TFÍ og FTAT.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í votta viðurvist.

Staður og dagsetning:

Vinnuveitandi:

Tanntæknir:

Vitundarvottar: